

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

8. nóvember 2011


Umsögn um frv. um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1998, með síðari breytingum, 32. mál

Skv. frumvarpinu verður heimilað að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu og tengdum búnaði til húshitunar. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að húshitunarkostnaður er gjarnan talsvert hærri á þeim svæðum sem nýta raforku til kyndingar en þar sem jarðhitaveitu nýtur við. Rétt er þó að halda til haga að rafhitun húsa er engu að síður mun ódýrari kostur hérlendis en í helstu samanburðarlöndum.

Samorka styður að slík endurgreiðsla verði heimiluð, enda verði slík kaup og notkun á varmadælum talin hagkvæmari en rafhitun. Samtökin minna þó jafnframt á mikilvægi jarðhitaleitar og styrkveitinga til uppbyggingar nýrra hitaveitna, sem alla jafna hafa reynst vera þjóðhagslega arðbær ráðstöfun opinberra fjármuna.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri